

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

1. gr.

Við 8. gr. bætast tveir nýir stafliðir; f- og g-liður, sem orðast svo:

- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011, frá 1. júlí 2011. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 við reglugerð þessa.
- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011, frá 1. júlí 2011. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2 við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. september 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 552/2009**

frá 22. júní 2009

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH))**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB¹, einkum 131. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmarkanir á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna² er mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar tiltekin hættuleg efni og efnablöndur. Tilskipun 1907/2006 fellir úr gildi tilskipun 76/769/EBE og kemur í hennar stað frá og með 1. júní 2009. Ákvæði XVII. viðauka við þá reglugerð koma í stað ákvæða I. viðauka við tilskipun 76/769/EB.
- 2) Í 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að ekki megi framleiða, setja á markað eða nota efni, blöndur eða hluti nema þau uppfylli skilyrðin í takmörkunum sem mælt er fyrir um í XVII. viðauka.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/122/EB frá 12. desember 2006 um þrítugustu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE (perflúoroktansúlfónöt (PFOS))³ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/139/EB frá 20. desember 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmörkun á sölu og notkun arsensambanda, í því skyni að laga I. viðauka við hana að tækni framförum⁴ um breytingu á I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE voru samþykktar skömmu áður en reglugerð (EB) nr. 1907/2006 var samþykkt, í desember 2006, en viðkomandi takmarkanir hafa enn ekki verið teknar inn í XVII. viðauka við þá reglugerð. Því skal breyta XVII. viðauka þannig að teknar séu upp takmarkanirnar sem samsvara tilskipunum 2006/122/EB og 2006/139/EB því að annars munu takmarkanirnar verða felldar niður hinn 1. júní 2009.
- 4) Samkvæmt 3. mgr. 137. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal taka allar breytingar á takmörkununum sem samþykktar voru samkvæmt tilskipun 76/769/EBE frá 1. júní 2007 upp í XVII. viðauka við þá reglugerð frá og með 1. júní 2009.

¹ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

² Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

³ Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 32.

⁴ Stjtið. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 94.

- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/51/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu tiltekinna tegunda mælitækja, sem innihalda kvikasilfur, á markað⁵ var samþykkt 25. september 2007. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1348/2008/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu 2-(2-metoxýetoxý)etanóls, 2-(2-bútoxýetoxý)etanóls, metýlendífenýldíísósýanats, sýklóhexans og ammóníumnítrats á markað og notkun þeirra⁶ var samþykkt 16. desember 2008. Viðkomandi takmarkanir hafa ekki verið færðar inn í VXII. viðauka við þá reglugerð. Breyta skal XVII. viðauka til að taka upp í hann takmarkanirnar vegna tiltekins mælibúnaðar, sem inniheldur kvikasilfur, sem samþykktar voru með tilskipun 2007/51/EB og takmarkanirnar á 2-(2-metoxýetoxý)etanóli, 2-(2-bútoxýetoxý)etanóli, metýlendífenýldíísósýanati, sýklóhexani og ammóníumnítrati sem samþykktar voru með ákvörðun 1348/2008/EB.
- 6) Taka skal tillit til viðeigandi ákvæða í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006⁷.
- 7) Þar sem ákvæði í VIII. bálki í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, einkum í XVII. viðauka, munu gilda án frekari lögfestingar frá 1. júní 2009 skulu takmarkanirnar vera settar fram á skýran hátt til að rekstraraðilar og eftirlitsyfirvöld geti beitt þeim rétt. Því skal endurskoða hvernig takmarkanirnar eru settar fram. Hugtakanotkun í hinum mismunandi færslum skal samræmd og sett í betra samhengi við skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- 8) Í tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifenylna og fjöklóraðra terfenýlna (PCB/PCT)⁸ er þess krafist að búnaður sem inniheldur PCB- og PCT-efni sé afmengaður og honum fargað eins fljótt og auðið er og sett skilyrði um afmengun búnaðar sem inniheldur þessi efni. Því skal færslan um PCT-efni í XVII. viðauka við reglugerð (EB) 1907/2006 ekki innihalda ákvæði um búnað, sem inniheldur PCT-efni, þar sem þegar er búið að setja um hann reglur með tilskipun 96/59/EB.
- 9) Gildandi takmarkanir vegna efnanna 2-naftýlamíns, bensidíns, 4-nítróbífenýls og 4-aminóbífenýls eru tvíræðar þar sem óvissa ríkir um hvort bannið nær einvörðungu til afgreiðslu til almennings eða einnig til afgreiðslu til þeirra sem nota þau í atvinnuskyni. Þær skal skýra. Þar eð bannað er samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda⁹ að vinna, framleiða og nota þessi efni við vinnu skulu takmarkanirnar í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem eiga við þessi efni, samræmdar við tilskipun 98/24/EB.
- 10) Efnin koltetrakloríð og 1,1,1-tríklóretan eru háð ströngum takmörkunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu¹⁰. Með reglugerð (EB) nr. 2037/2000 er sett bann við koltetrakloríði, með undantekningum, og algert bann við 1,1,1-tríklóretani. Takmörkunum vegna koltetrakloríðs og 1,1,1-tríklóretans í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er því ofaukið og þær skulu felldar brott.
- 11) Þar eð settar eru reglur um kvikasilfur í rafhlöðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE¹¹ er ákvæðum um kvikasilfur í rafhlöðum í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ofaukið og þau skulu því felld brott.
- 12) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 telst úrgangur ekki vera efni, blanda eða hlutur í skilningi 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Þar eð úrgangur fellur ekki undir

⁵ Stjtið. ESB L 257, 3.10.2007, bls. 13.

⁶ Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 108.

⁷ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

⁸ Stjtið. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.

⁹ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

¹⁰ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

¹¹ Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.

takmarkanirnar samkvæmt þeirri reglugerð eru ákvæði í XVII. viðauka við hana sem útiloka úrgang óþörf og þau skulu felld brott.

- 13) Tilteknum takmörkunum í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal breytt til að taka tillit til skilgreininganna á hugtökunum „notkun“ og „setning á markað“ í 3. gr. þeirrar reglugerðar.
- 14) Færslan um asbesttrefjar í I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE innihélt undanþágu vegna himna sem innihalda krýsótíl. Tilgreina skal sérstaklega að þessi undanþága verði endurskoðuð eftir móttöku skýrslna sem aðildarríkjunum, sem notfæra sér þessa undanþágu, ber að leggja fram. Í ljósi skilgreiningarinnar á hugtakinu „setning á markað“ í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skulu aðildarríkin enn fremur geta heimilað setningu tiltekinna hluta sem innihalda slíkar trefjar á markað, ef hlutirnir voru þegar uppsettir eða í notkun fyrir 1. janúar 2005, við tiltekin skilyrði sem tryggja víðtæka heilsuvernd manna.
- 15) Að því er varðar efni, sem hafa verið tekin upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna takmarkananna sem samþykktar voru innan ramma tilskipunar 76/769/EBE (1. til 58. færslu) skal koma skýrt fram að takmarkanirnar gilda ekki um geymslu efnanna, birgðahald, meðhöndlun, setningu þeirra í ílát eða flutning þeirra úr einu íláti í annað til útflutnings nema framleiðsla efnanna sé bönnuð.
- 16) Ólíkt tilskipun 76/769/EBE er hugtakið „hlutur“ skilgreint í reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Til að taka til sömu hluta og kveðið er á um í upphaflegu takmörkuninni vegna kadmíums skal bæta hugtakinu „blöndur“ við sum ákvæðanna.
- 17) Það skal koma skýrt fram að takmarkanirnar, sem teknar voru upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um setningu tiltekinna mælitækja sem innihalda kvikasilfur á markað, gilda ekki um tæki sem þegar eru í notkun í Bandalaginu þegar takmörkunin tekur gildi.
- 18) Í færslunum um efnin pentabrómafleiður af dífenýleter og oktabrómafleiður af dífenýleter í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal kveða á um að takmarkanirnar gildi ekki um hluti sem þegar eru í notkun þegar takmarkanirnar áttu að taka gildi þar eð þessi efni hafa verið sett í hluti sem hafa langan endingartíma og eru seldir á markaði með notaðar vörur, s.s. flugvélar og ökutæki. Enn fremur skal sá búnaður ekki vera háður viðkomandi takmörkunum þar eð notkun efnanna í rafmagns- og rafeindabúnaði er reglufest með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði¹².
- 19) Það skal koma skýrt fram í takmörkuninni vegna nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlats að hún skuli ekki hafa áhrif á lögmæti nógildandi landsbundinna leyfa fyrir varnarefnum og sæfiefnum, sem innihalda nónýlfenóletoxýlat sem hjálparefni, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 um tuttugustu og sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (nónýlfenóls, nónýlfenóletoxýlats og sements)¹³.
- 20) Það skal koma skýrt fram að takmörkunin vegna perflúoroktansúlfónata, sem tekin var upp í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, gildir ekki um vörur sem voru þegar í notkun í Bandalaginu þegar takmörkunin tók gildi.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

¹² Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

¹³ Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinnar hættulegra efna, blandna og hluta“

2. Í stað töflunnar með heitum efnanna, efnaflokkanna og blandnanna ásamt takmörkunum komi eftirfarandi:

„Að því er varðar efni, sem hafa verið tekin upp í þennan viðauka vegna takmarkananna sem samþykktar voru innan ramma tilskipunar 76/769/EBE (1. til 58. færslu), gilda takmarkanirnar ekki um geymslu efnanna, birgðahald, meðhöndlun, setningu þeirra í ílát eða flutning þeirra úr einu íláti í annað til útflutnings, nema framleiðsla efnanna sé bönnuð.	
1. dálkur Heiti efnisins, efnaflokksins eða blöndunnar	2. dálkur Takmarkanir
1. Fjölklóruð terfenýl (PCT)	Ekki er leyft að setja á markað eða nota: <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – í blöndur, þ.m.t. oliuúrgangur, eða í búnað, í styrk sem er meiri en 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd).
2. Klóreten (vínýlklóríð) CAS-nr. 75-01-4 EB-nr. 200-831-0	Ekki leyft til notkunar sem úðadrifefni, hver sem tilgangurinn með notkuninni er. Úðabrusar, sem innihalda efnið sem drifefni, skulu ekki settir á markað.
3. Fljótandi efni eða blöndur sem eru taldar hættulegar samkvæmt skilgreiningunum í tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.	1. Ekki leyfð til notkunar í: <ul style="list-style-type: none"> – skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða öskubakka, – hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrögð, – spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið. 3. Ekki leyft að setja á markað ef þau innihalda litunarefni nema nauðsyn krefji vegna ástæðna sem varða innheimtu opinberra gjalda eða ilmefni eða bæði og ef þau: <ul style="list-style-type: none"> – fela í sér ásvelgingarhættu og eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og, – má nota sem eldsneyti á skrautlampa og,

	<p>– er pakkað í umbúðir sem eru 15 lítrar að rúmmáli eða minna.</p> <p>4. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir efna og blandna, sem falla undir 3. lið og ætluð eru til notkunar í lömpum, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu lettri:</p> <p>„Geymið lampa, sem innihalda þennan vökva, þar sem börn ná ekki til.“</p>
<p>4. Þrífosfat (2,3-díbrómprópýl) CAS-nr. 126-72-7</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina.</p> <p>2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.</p>
<p>5. Bensen CAS-nr. 71-43-2 EB-nr. 200-753-7</p>	<p>1. Ekki leyft að nota í leikföng eða leikfangahluta ef styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg (0,0005%) af þyngd leikfangsins eða leikfangahlutans.</p> <p>2. Ekki er leyft að setja á markað leikföng eða leikfangahluta sem samræmast ekki 1. lið.</p> <p>3. Ekki er leyft að setja á markað eða nota:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – sem efnisþátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. <p>4. Ákvæði 3. liðar gilda hins vegar ekki um:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) vélaeldsneyti sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, b) efni og blöndur til notkunar í iðnaðarferlum þar sem losun bensens er ekki leyfð í magni sem er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf.
<p>6. Asbesttrefjar</p> <p>a) Krósíólít CAS-nr. 12001-28-4</p> <p>b) Amósít CAS-nr. 12172-73-5</p> <p>c) Antófýllít CAS-nr. 77536-67-5</p> <p>d) Aktínólít</p>	<p>1. Framleiðsla, setning á markað og notkun þessara trefja og hluta, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð.</p> <p>Aðildarríkjum er þó heimilt að veita undanþágu fyrir því að setja á markað og nota himnur sem innihalda krýsótíl (f-liður) fyrir rafgreiningarstöðvar í rekstri þar til þær eru teknar úr notkun eða þar til viðeigandi, asbestlaus staðgönguefni verða fáanleg, eftir því hvort á sér stað fyrr.</p>

<p>CAS-nr. 77536-66-4</p> <p>e) Tremólít</p> <p>CAS-nr. 77536-68-6</p> <p>f) Krýsótíl</p> <p>CAS-nr. 12001-29-5</p> <p>CAS-nr. 132207-32-0</p>	<p>Aðildarríki sem notfæra sér þessa undanþágu skulu, fyrir 1. júní 2011, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um tiltækileika asbestlausra staðgönguefna fyrir rafgreiningarstöðvar og hvað hefur verið gert til að þróa slík staðgönguefni, um vernd fyrir heilsu starfsmanna stöðvanna, um það hvaðan krýsótílið kemur og magn þess, um það hvaðan himnurnar koma sem innihalda krýsótíl og magn þeirra og hvenær er áætlað að undanþágan renni út. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.</p> <p>Eftir að hafa veitt þessum skýrslum móttöku skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við Efnastofnunina að hún taki saman málsskjöl í samræmi við 69. gr. með það í huga að banna að himnur, sem innihalda krýsótíl, séu settar á markað og notaðar.</p> <p>2. Áfram skal leyft að nota hluti, sem innihalda asbestrefjar sem um getur í 1. lið og sem höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, þar til þeim er fargað eða þeir eru teknir úr notkun. Aðildarríkjunum er þó heimilt, til að vernda heilbrigði manna, að takmarka eða banna notkun slíkra hluta eða binda hana tilteknum skilyrðum áður en þeim er fargað eða áður en þeir eru teknir úr notkun.</p> <p>Aðildarríkin geta heimilað setningu heilla hluta, sem innihalda asbestrefjar sem um getur í 1. lið, á markað ef þeir höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, að uppfylltum sérstökum skilyrðum sem tryggja viðtæka heilsuvernd manna. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar landsbundnu ráðstafanir fyrir 1. júní 2011. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.</p> <p>3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna má þó því aðeins leyfa setningu hluta, sem innihalda þessar refjar, á markað og notkun þeirra, eins og leyft hefur verið í samræmi við framangreindar undanþágur, að birgjar tryggi, fyrir setningu þeirra á markað, að á þeim sé merkimiði í samræmi við 7. viðbæti við þennan viðauka.</p>
--	--

<p>7. Tris(asirídínýl)fosfínóxið CAS-nr. 545-55-1 EB-nr. 208-892-5</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.</p>
<p>8. Fjölbrómbifenýl, fjölbrómuð bifényl (PBB) CAS-nr. 59536-65-1</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina. 2. Ekki er leyft að setja á markað hluti sem samræmast ekki 1. lið.</p>
<p>9. a) Duft af sáputré (<i>Quillaja saponaria</i>) og afleiður þess sem innihalda saponín. CAS-nr. 68990-67-0 EB-nr. 273-620-4 b) Duft úr rótum kalkjólárosar (<i>Helleborus viridis</i>) og jólárosar (<i>Helleborus niger</i>) c) Duft úr rótum hvítrar hnerrarótar (<i>Veratrum album</i>) og svartrar hnerrarótar (<i>Veratrum nigrum</i>) d) Bensidín og/eða afleiður þess CAS-nr. 92-87-5 EB-nr. 202-199-1 e) o-nítróbensaldehýð CAS-nr. 552-89-6 EB-nr. 209-025-3 f) Viðarduft</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fylubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti, sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið. 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fylubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.</p>
<p>10. a) Ammóníumsúlfíð CAS-nr. 12135-76-1 EB-nr. 235-223-4 b) Ammóníumvetnissúlfíð CAS-nr. 12124-99-1 EB-nr. 235-184-3 c) Ammóníumpólýsúlfíð CAS-nr. 9080-17-5 EB-nr. 232-989-1</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fylubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti, sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið. 3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fylubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.</p>
<p>11. Rokgjarnir esterar af brómedíksýrum: a) Metýlbrómasetat CAS-nr. 96-32-2 EB-nr. 202-499-2</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning eða í blöndur eða hluti sem nota á til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fylubombur. 2. Ekki er leyft að setja á markað hrekkja- og gabbvarning eða blöndur eða hluti,</p>

<p>b) Etýlbrómasetat CAS-nr. 105-36-2 EB-nr. 203-290-9</p> <p>c) Própýlbrómasetat CAS-nr. 35223-80-4</p> <p>d) Bútýlbrómasetat CAS-nr. 18991-98-5 EB-nr. 242-729-9</p>	<p>sem nota á til slíks, sem samræmast ekki 1. lið.</p> <p>3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um fýlubombur sem innihalda innan við 1,5 ml af vökva.</p>
<p>12. 2-naftýlamin CAS-nr. 91-59-8 EB-nr. 202-080-4 og sölt þess</p> <p>13. Bensidín CAS-nr. 92-87-5 EB-nr. 202-199-1 og sölt þess</p> <p>14. 4-nítróbífenýl CAS-nr. 92-93-3 Einecs EB-nr. 202-204-7</p> <p>15. 4-aminóbífenýlxenýlamin CAS-nr. 92-67-1 Einecs EB-nr. 202-177-1 og sölt þess</p>	<p>Eftirfarandi gildir um 12.–15. færslu:</p> <p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd.</p>
<p>16. Blýkarbónöt:</p> <p>a) Hlutlaust, vatnsfrítt karbónat (PbCO_3) CAS-nr. 598-63-0 EB-nr. 209-943-4</p> <p>b) Þriblý-bis(karbónat)-díhýdroxíð $2\text{Pb CO}_3\text{-Pb(OH)}_2$ CAS-nr. 1319-46-6 EB-nr. 215-290-6</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna sem málningu.</p> <p>Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málningu, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra.</p>
<p>17. Blýsúlföt:</p> <p>a) PbSO_4 CAS-nr. 7446-14-2 EB-nr. 231-198-9</p> <p>b) $\text{Pb}_x \text{SO}_4$ CAS-nr. 15739-80-7 EB-nr. 239-831-0</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna sem málningu.</p> <p>Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málningu, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra.</p>
<p>18. Kvikasilfurssambönd</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef nota á efnið eða blönduna:</p>

	<p>a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskseldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, <p>b) til viðarvarnar,</p> <p>c) við gegndreypingu slitþolinnna iðnaðartextíla og garns sem er notað við framleiðslu þeirra,</p> <p>d) við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarviðs.</p>
<p>18a. Kvikasilfur CAS-nr. 7439-97-6 EB-nr. 231-106-7</p>	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað:</p> <p>a) í líkamshitamælum,</p> <p>b) í öðrum mælitækjum sem ætluð eru til sölu til almennings (s.s. þrýstingsmælum, loftvogum, blóðþrýstingsmælum og hitamælum öðrum en líkamshitamælum).</p> <p>2. Takmörkunin í 1. lið gildir ekki um mælitæki sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 3. apríl 2009. Hins vegar geta aðildarríkin takmarkað eða bannað setningu slíkra mælitækja á markað.</p> <p>3. Takmörkunin, sem um getur í b-lið 1. lið, gildir ekki um:</p> <p>a) mælitæki sem voru orðin yfir 50 ára gömul 3. október 2007,</p> <p>b) loftvogir (að undanteknum loftvogum sem falla undir a-lið) fram til 3. október 2009.</p> <p>4. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 3. október 2009, kanna hvort til eru aðrir valkostir, sem eru áreiðanlegir og öruggir og jafnframt tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir, í stað blóðþrýstingsmæla og annarra mælitækja fyrir heilsugæslu og til annarra faglegra og iðnaðarlegra nota sem innihalda kvikasilfur. Á grundvelli þessarar könnunar, eða um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um áreiðanlega, öruggari valkosti en blóðþrýstingsmæla og önnur mælitæki sem innihalda kvikasilfur, skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að rýmka takmarkanirnar í 1. lið til að ná til blóðþrýstingsmæla og annarra mælitækja fyrir heilsugæslu og til annarra</p>

	faglegra og iðnaðarlegra nota þannig að horfið sé frá notkun kvikasilfurs í mælitækjum í áföngum þegar það er tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt.
19. Arsensambönd	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskseldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kaf í vatni, <p>2. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarviðs.</p> <p>3. Má ekki nota til viðarvarnar. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt.</p> <p>4. Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar:</p> <p>a) Um þau efni og blöndur, sem eru notuð við viðarvörn, gildir: eingöngu er heimilt að nota þau í iðjuverum þar sem lofttæmi eða þrýstingi er beitt til að gegndreypa timbur ef um er að ræða lausn ólífrænna efnasambanda kopars, króms eða arsens af C-gerð og ef þau eru leyfð í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Ekki má setja á markað timbur, sem er meðhöndlað á þennan hátt, fyrir en viðarvarnarefnið hefur bundist til fulls í viðnum.</p> <p>b) Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum skv. a-lið, má setja á markað til faglegrar notkunar og í iðnaði að því tilskildu að meðhöndlunin sé nauðsynleg til þess að timbrið haldi óskertum eiginleikum sínum til að tryggja öryggi manna og búfjár og að það sé aðeins notað þar sem ólíklegt er að almenningur komist í snertingu við það meðan það er í notkun:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem burðarvirki í opinberum byggingum, byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum, – í brúm og brúarvirki, – í virki í ferskvatni og ísöltu vatni, t.d. bryggjum og brúm,

	<ul style="list-style-type: none"> – sem hljóðtálmi, – til varnar gegn snjóflóðum og skriðuföllum, – sem öryggisgrindverk og tálmar við þjóðvegi, – sem sívalir staurar úr afbirtum barrviði til búfjárgirðinga, – sem jarðvegsstoðvirki, – sem rafmagnsstaurar og í tengslum við fjarskipti, – sem þvertré undir járnbrautarteinum neðanjarðar. <p>c) Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi allt meðhöndlað timbur sem sett er á markað verið merkt, hvert stykki fyrir sig, með áletruninni „Einungis til nota í iðnaðarframleiðslu eða til faglegrar notkunar, inniheldur arsen“.</p> <p>Að auki skal allt timbur, sem er sett á markað í umbúðum, merkt með eftirfarandi áletrun „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun timbursins. Notið rykgrimu og hlífðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr timbrinu. Úrgangstimbur skal meðhöndla sem hættulegan úrgang og til þess skal fá viðurkennt fyrirtæki.“</p> <p>d) Ekki má nota meðhöndlað timbur, sem um getur í a-lið:</p> <ul style="list-style-type: none"> – í íbúðarhúsi og á heimilum hver sem tilgangurinn er, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna, – í sjó, – í landbúnaði til annarrar notkunar en í girðingar og í mannvirki í samræmi við b-lið, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á að meðhöndlað timbur komist í snertingu við fullunnar eða ófullunnar vörur sem ætlaðar eru til manneldis og/eða fôðrunar dýra. <p>5. Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með arsensamböndum og var notað í Bandalaginu fyrir 30. september 2007 eða var sett á markað í samræmi við 4. lið, má vera á sínum stað og er notkunin leyfð þar til það er tekið úr notkun.</p>
--	--

	<p>6. Timbur, sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum af C-gerð sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 30. september 2007 eða sem var sett á markað í samræmi við 4. lið:</p> <ul style="list-style-type: none"> – má nota eða endurnota með þeim skilyrðum sem sett eru fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar, – má setja á markað með skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar. <p>7. Aðildarríkin geta leyft að timbur, sem hefur verið meðhöndlað með öðrum tegundum af kopar-, króm- eða arsensamböndum sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 30. september 2007:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sé notað eða endurnotað með þeim skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar, – megi setja á markað með skilyrðum sem eru sett fyrir notkun þess og eru tilgreind í b-, c- og d-lið 4. liðar.
20. Lífræn tinsambönd	<p>1. Ekki leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef efnið eða blandan gegnir hlutverki sæfiefnis í málningu og er ekki bundin efnatengjum við aðra efnisþætti í málningunni.</p> <p>2. Ekki leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur ef efnið eða blandan gegnir hlutverki sæfiefna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) öllum skipum, án tillits til stærðar þeirra, sem nota á til siglinga á hafi, með ströndum, í árósum, skipgengum vatnaleiðum og stöðuvötnum, b) kvíum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, c) hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni. <p>3. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við meðhöndlun vatns frá iðnaði.</p>
21. Dí-μ-oxó-dí-n-bútýlstannióhýdroxýboran/díbútýltinvetnisbórat $C_8H_{19}BO_3Sn$ (DBB) CAS-nr. 75113-37-0 EB-nr. 401-040-5	Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.

	Hins vegar gildir fyrsti liður ekki um þetta efni (DBB) eða blöndur, sem innihalda það, ef þeim er eingöngu breytt í hluti þar sem styrkur efnisins er ekki jafnmikill eða meiri en 0,1%.
22. Pentaklórfenól CAS-nr. 87-86-5 EB-nr. 201-778-6 og sölt þess og esterar	Ekki er leyft að setja á markað eða nota, – sem efni, – sem efnispátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.
23. Kadmíum CAS-nr. 7440-43-9 EB-nr. 231-152-8 og efnasambönd þess	Að því er varðar þessa færslu vísa þeir kóðar og kaflar, sem gefnir eru upp í hornklofum, til þeirra kóða og kafla tollskrár- og hagtoluflokkunarkerfis sameiginlegu tollskrárinnar sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ¹⁴ . 1. Ekki leyft til litunar á hlutum sem eru framleiddir úr þeim efnum og blöndum sem eru tilgreind hér á eftir: a) – pólývínýlkloríð (PVC) [3904 10] [3904 21] [3904 22] – pólýúretan (PUR) [3909 50] – eðlislétt pólýetýlen (1d PE), að undanskildu eðlisléttu pólýetýleni sem er notað til framleiðslu litarefnablandna (e. masterbatch) [3901 10] – sellulósaasetat (CA) [3912 11] [3912 12] – sellulósaasetatbútýrat (CAB) [3912 11] [3912 12] – epoxýresín [3907 30] – melamínformaldehýðresín (MF) [3909 20] – úreaformaldehýðresín (UF) [3909 10] – ómettaðir pólýesterar (UP) [3907 91] – pólýetýlenterepalat (PET) [3907 60] – pólýbútýlenterepalat (PBT) – glært/venjulegt pólýstýren [3903 11] [3903 19] – akrýlnitrílmetylmetakrýlat (AMMA)

¹⁴ Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 42.

	<ul style="list-style-type: none"> – víxltengt pólýetýlen (VPE) – höggþolið pólýstýren – pólýprópýlen (PP) [3902 10] <p>b) málning og lökk [3208] [3209]</p> <p>Ef málningin eða lökkin innihalda mikið sink skal styrkur kadmíumleifa hins vegar vera svo lítill sem framast er kostur og skal í engum tilvikum fara yfir 0,1% miðað við þyngd.</p> <p>Ekki er leyft í neinum tilvikum að setja á markað hluti eða efnisþætti þeirra, sem eru framleiddir úr framangreindum efnum eða blöndum og eru lituð með kadmíumi, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við þyngd plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er.</p> <p>2. Ákvæði 1. liðar gilda þó ekki um hluti sem eru litaðar af öryggisástæðum.</p> <p>3. Ekki leyft til að stöðga eftirfarandi blöndur eða hluti sem eru tilgreindir hér á eftir og eru framleiddir úr fjölliðum eða samfjölliðum vínýlklóríðs:</p> <ul style="list-style-type: none"> – umbúðafni (pokar, ílát, flöskur, lok) [3923 29 10], – skrifstofu- eða skólavörur [3926 10], – aukabúnaður fyrir húsgögn, yfirbyggingar eða þess háttar [3926 30], – fatnaður og tilheyrandi aukahlutir (þ.m.t. hanskar) [3926 20], – gólfefni og veggfóður [3918 10], – gegndreypt, húðuð, hjúpuð eða lagskipt textílefi [5903 10], – leðurlíki [4202], – hljómplötur, – pípur og rör og tilheyrandi aukahlutir [3917 23], – vængjahurðir, – ökutæki til flutninga á vegum (innra rými og ytra borð, undirvagn), – húð á stálplötum sem eru notaðar til bygginga eða í iðnaði, – einangrun fyrir rafmagnsvíra. <p>Ekki má í neinum tilvikum setja á markað blöndur, hluti eða efnisþætti þeirra, sem frá greinir hér að framan og eru framleidd úr fjölliðum eða samfjölliðum úr</p>
--	---

	<p>vínýlklóriði, stöðguð með efnum sem innihalda kadmíum, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við þyngd plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er.</p> <p>4. Ákvæði 3. liðar gilda hins vegar ekki um blöndur og hluti ef stöðgarar, sem innihalda kadmíum, eru notaðir af öryggisástæðum.</p> <p>5. Að því er varðar þessa færslu merkir „kadmíumhúðun“ hvers kyns útfellingu eða húð úr kadmíummálm á málmyfirborði.</p> <p>Ekki leyft til notkunar í kadmíumhúð á málmhlutum eða efnisþáttum þeirra sem eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem er tilgreindur hér að neðan:</p> <p>a) búnaður og vélar til:</p> <ul style="list-style-type: none"> – matvælaframleiðslu [8210] [8417 20] [8419 81] [8421 11] [8421 22] [8422] [8435] [8437] [8438] [8476 11] – landbúnaðar [8419 31] [8424 81] [8432] [8433] [8434] [8436] – kælingar og frystingar [8418] – prentunar og bókbands [8440] [8442] [8443] <p>b) búnaður og vélar til framleiðslu á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – heimilisbúnaði [7321] [8421 12] [8450] [8509] [8516] – húsgögnum [8465] [8466] [9401] [9402] [9403] [9404] – hreinlætistækjum [7324] – miðstöðvarhitunar- og loftræsti-búnaði [7322] [8403] [8404] [8415] <p>Ekki má í neinum tilvikum setja á markað kadmíumhúðaða hluti eða efnisþætti þeirra sem eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér að framan eða hluti sem eru framleiddir á þeim sviðum sem tilgreind eru í b-lið hér að framan, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er.</p> <p>6. Ákvæðin, sem um getur í 5. lið, gilda einnig um kadmíumhúðaða hluti eða efnisþætti þeirra ef þeir eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér á eftir og um hluti sem eru tilgreindir í b-lið hér á eftir:</p>
--	--

	<p>a) búnaður og vélar til framleiðslu á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – pappír og pappa [8419 32] [8439] [8441] textílefnun og fatnaði [8444] [8445] [8447] [8448] [8449] [8451] [8452] <p>b) búnaður og vélar til framleiðslu á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – færslubúnaði og vélum sem eru notuð í iðnaði [8425] [8426] [8427] [8428] [8429] [8430] [8431] – ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði [87. kafli] – járnbrautarvögnum [86. kafli] – skipum [89. kafli] <p>7. Takmarkanirnar í 5. og 6. lið gilda hins vegar ekki um:</p> <ul style="list-style-type: none"> – hluti og efnisþætti þeirra sem eru notaðir í flugvéla-, geim- og námuiðnaði, í iðnaði á haf úti og á sviði kjarnorku, enda séu gerðar miklar öryggiskröfur til þeirra, og ekki heldur um öryggisbúnað til notkunar í ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði, í járnbrautarvögnum og skipum, – rafsnertur á hvaða notkunarsviði sem er, þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja áreiðanleika þess tækis sem þær eru settar upp í.
<p>24. Mónómetýltetraklórdífenýlmetan</p> <p>Viðskiptaheiti: Ugilec 141</p> <p>CAS-nr. 76253-60-6</p>	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur.</p> <p>Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið.</p> <p>2. Ákvæði 1. liðar gilda þó ekki:</p> <p>a) í neinum tilvikum um mannvirki og vélar sem voru þegar í notkun 18. júní 1994 þar til slíkum mannvirkjum eða vélum er fargað,</p> <p>b) ef um er að ræða viðhald mannvirkja eða véla sem voru þegar í notkun í aðildarríki 18. júní 1994.</p> <p>Að því er varðar a-lið geta aðildarríkin, af ástæðum er varða heilsuvernd manna og umhverfisvernd, bannað notkun slíkra mannvirkja eða véla á yfirráðasvæði sínu áður en þeim er fargað.</p>
<p>25. Mónómetýldíklórdífenýlmetan</p> <p>Viðskiptaheiti: Ugilec 121</p> <p>Ugilec 21</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur.</p> <p>Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið.</p>

<p>26. Mónómetýldibrómdifenýlmetanbrómbensýlbrómtólúen, blanda hverfna</p> <p>Viðskiptaheiti: DBBT</p> <p>CAS-nr. 99688-47-8</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur.</p> <p>Ekki er leyft að setja á markað hluti sem innihalda efnið.</p>
<p>27. Nikkel</p> <p>CAS-nr. 7440-02-0</p> <p>EB-nr. 231-111-4 og efnasambönd þess</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar:</p> <p>a) í fyrstu lokkum og pinnum sem settir eru í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema nikkelmagnið, sem losnar frá þessum lokkum og pinnum, sé minna en 0,2 µg/sm² á viku (flæðimörk),</p> <p>b) í hlutum sem ætlað er að komast í beina og langvarandi snertingu við húðina, s.s.:</p> <ul style="list-style-type: none"> – eyrnalokkum, – hálsmenum, armböndum og keðjum, ökklahringjum, hringjum á fingur, – kössum, ólum og sylgjum armbandsúra, – hnoðhnöppum, smellum, hnoðum, rennilásum og málmmerkjum þegar slíkt er notað á fatnað, <p>ef hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem eru í beinni og langvarandi snertingu við hörund, er meiri en 0,5 µg/sm²/viku,</p> <p>c) í vörum sem eru tilgreindar í b-lið ef þær eru með nikkelfrírri húð, nema húðin nægi til að tryggja það að hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem koma í beina og langvarandi snertingu við hörund, sé ekki meiri en 0,5 µg/sm²/viku á tveggja ára tímabili, við eðlilega notkun varanna.</p> <p>2. Hluti, sem falla undir 1. lið, má því aðeins setja á markað að þeir uppfylli kröfurnar í þeim lið.</p> <p>3. Prófunaraðferðirnar í stöðlunum, sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt, skulu notaðar til að staðfesta að hlutirnir uppfylli kröfurnar í 1. og 2. lið.</p>
<p>28. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem krabbameinsvaldar í undirflokk 1A eða 1B (tafla 3.1) eða krabbameinsvaldar í 1. eða 2. undirflokk (tafla 3.2) og tilgreind sem hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Krabbameinsvaldur í undirflokki 1A (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 1. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 1. viðbæti – Krabbameinsvaldur í undirflokki 1B (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 2. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 2. viðbæti 	<p>Með fyrirvara um aðra hluta þessa viðauka gildir eftirfarandi um færslur 28 til 30:</p> <p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota,</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – sem efnisþætti annarra efna eða – í blöndur,

<p>29. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og flokkuð sem kímfrumustökkbreytivaldar í undirflokkum 1A eða 1B (tafla 3.1) eða stökkbreytivaldar í 1. eða 2. undirflokkum (tafla 3.2) og tilgreind sem hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Stökkbreytivaldur í undirflokkum 1A (tafla 3.1)/ stökkbreytivaldur í 1. undirflokkum (tafla 3.2), tilgreindur í 3. viðbæti – Stökkbreytivaldur í undirflokkum 1B (tafla 3.1)/ stökkbreytivaldur í 2. undirflokkum (tafla 3.2), tilgreindur í 4. viðbæti <p>30. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, 1. eða 2. undirflokkur (tafla 3.2), og tilgreind sem hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, undirflokkur 1A fyrir skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, 1. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 5. viðbæti – Efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, undirflokkur 1B fyrir skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, 2. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 6. viðbæti 	<p>til sölu til almennings ef styrkur eins þáttar í efninu eða blöndunni er jafnmikill eða meiri en:</p> <ul style="list-style-type: none"> – annaðhvort viðeigandi sértæk styrkleikamörk sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða – viðeigandi styrkleiki sem er tilgreindur í tilskipun 1999/45/EB. <p>Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu lettri: „Einungis til faglegra nota“.</p> <p>2. Ákvæði 1. liðar gildir þó ekki um:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE, c) eftirfarandi eldsneyti og oliuvörur: <ul style="list-style-type: none"> – eldsneyti á vélar sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, – afurðir jarðolíu sem eru ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum, – eldsneyti sem er selt í lokuðum einingum (t.d. kútum með fljóttandi gasi), d) listmálaralíti sem falla undir tilskipun 1999/45/EB.
<p>31.</p> <ol style="list-style-type: none"> a) Kreósót, ísogsolía CAS-nr. 8001-58-9 EB-nr. 232-287-5 b) Kreósótólía, ísogsolía CAS-nr. 61789-28-4 EB-nr. 263-047-8 c) Eimað eldsneyti (koltjara), naftalínolíur; naftalínolía CAS-nr. 84650-04-4 EB-nr. 283-484-8 d) Kreósótólía, asenaftenhluti, ísogsolía CAS-nr. 90640-84-9 	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna til að meðhöndla timbur. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt.</p> <p>2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) Aðeins má nota þessi efni og blöndur til að meðhöndla við í iðjuverum, sem falla undir löggjöf Bandalagsins um starfsmannavernd, eða til að endurmeðhöndla við á staðnum af fagmönnum, ef þau innihalda: <ol style="list-style-type: none"> i. bensó[a]pýren í styrk sem er undir 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd), og

<p>EB nr. 292-605-3</p> <p>e) Eimað eldsneyti (koltjara), efri hluti; þung antrasenolía</p> <p>CAS-nr. 65996-91-0</p> <p>EB-nr. 266-026-1</p> <p>f) Antrasenolía</p> <p>CAS-nr. 90640-80-5</p> <p>EB-nr. 292-602-7</p> <p>g) Tjörusýrur úr ónunnum kolum, hráfenól</p> <p>CAS-nr. 65996-85-2</p> <p>EB-nr. 266-019-3</p> <p>h) Kreósót, viður</p> <p>CAS-nr. 8021-39-4</p> <p>EB-nr. 232-419-1</p> <p>i) Lághitatjöruolía, basísk, útdráttarleifar (úr kolum), lághitakoltjara, basísk</p> <p>CAS-nr. 122384-78-5</p> <p>EB-nr. 310-191-5</p>	<p>ii. vatnsútdraganleg fenól í styrk sem er undir 3% miðað við þyngd.</p> <p>Slík efni og blöndur, sem eru notuð til að meðhöndla við í iðjuverum eða af fagmönnum:</p> <ul style="list-style-type: none"> – má aðeins setja á markað í umbúðum sem eru 20 lítrar eða meira að rúmmáli, – er ekki leyft að selja neytendum. <p>Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, þökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu lettri:</p> <p>„Einungis til nota í iðjuverum eða til faglegrar meðhöndlunar“.</p> <p>b) Einungis má nota timbur sem er meðhöndlað í iðjuverum eða af fagmönnum skv. undirlíð a, sem er sett á markað í fyrsta sinn eða endurmeðhöndlað á staðnum, til faglegrar notkunar eða til notkunar í iðnaði, t.d. fyrir járnbrautir eða raflínur eða í tengslum við fjarskipti, til girðinga, til notkunar í landbúnaði (t.d. sem stoðir fyrir tré) og í höfnum og á vatnaleiðum.</p> <p>c) Bannið í 1. lið við setningu á markað gildir ekki um timbur sem hefur verið meðhöndlað með efnum, sem eru tilgreind í a- til i-liðum 31. færslu, fyrir 31. desember 2002 og er sett á markað með notaðar vörur til endurnýtingar.</p> <p>3. Ekki er leyft að nota meðhöndlað timbur sem um getur í b- og c-lið 2. liðar:</p> <ul style="list-style-type: none"> – inni í byggingum, hvaða hlutverki sem þær gegna, – í leikföng, – á leiksvæðum, – í skemmtigörðum, skruðgörðum eða á útivistar- og tómsundasvæðum þar sem hætta er á tíðri snertingu við hörund, – við framleiðslu garðhúsgagna, s.s. nestisborða, – við framleiðslu, notkun og alla endurmeðhöndlun: – íláta til notkunar við ræktun,
---	---

	<ul style="list-style-type: none"> – umbúða sem geta komist í snertingu við hráefni, millistigsvörur eða fullunnar vörur sem eru ætlaðar til manneldis og/eða í fóður, – annarra efna sem kunna að menga hlutina sem um getur hér að framan.
<p>32. Klóróform CAS-nr. 67-66-3 EB-nr. 200-663-8</p> <p>34. 1,1,2-tríklóretan CAS-nr. 79-00-5 EB-nr. 201-166-9</p> <p>35. 1,1,2,2-tetraklórretan CAS-nr. 79-34-5 EB-nr. 201-197-8</p> <p>36. 1,1,1,2-tetraklórretan CAS-nr. 630-20-6</p> <p>37. Pentaklórretan CAS-nr. 76-01-7 EB-nr. 200-925-1</p> <p>38. 1,1-díklórretan CAS-nr. 75-35-4 EB-nr. 200-864-0</p>	<p>Með fyrirvara um aðra hluta þessa viðauka gildir eftirfarandi um færslur 32 til 38:</p> <p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota,</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – sem efnisþætti annarra efna, eða í blöndur, í styrkleika sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, <p>ef efnið eða blandan er ætluð til sölu til almennings og/eða við notkun við aðstæður þar sem hún getur dreifst, s.s. við yfirborðshreinsun eða hreinsun vefnaðar.</p> <p>2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, þökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir slíkra efna og blandna, sem innihalda þau í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu lettri:</p> <p>„Einungis til notkunar í iðjuverjum“.</p> <p>Þetta ákvæði gildir þó ekki um:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE.
<p>40. Efni sem uppfylla viðmiðanirnar um eldfimi í tilskipun 67/548/EBE og eru flokkuð sem eldfim, mjög eldfim eða afar eldfim án tillits til þess hvort þau eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða ekki.</p>	<p>1. Ekki leyfð sem efni eða blöndur í úðabrusum ef úðabrusarnir eru ætlaðir til almennrar sölu og notaðir til skemmtunar eða skreytingar, s.s. eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> – málmglímmur, einkum ætlað til skreytingar, – gervisnjór og -hrím, – fretpúðar, – reimaúði, – gervisaur, – samkvæmislúðrar,

	<ul style="list-style-type: none"> – skrautflögur og -froða, – gerviköngulóarvefir, – fylubombur. <p>2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir úðabrusanna, sem um getur hér að framan, verið merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu lettri:</p> <p>„Einungis til notkunar fyrir fagfólk“.</p> <p>3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda þó ekki um úðabrusana sem um getur í 1. mgr. a í 8. gr. tilskipunar ráðsins 75/324/EBE¹⁵.</p> <p>4. Ekki er leyft að setja á markað þá úðabrusa, sem um getur í 1. og 2. lið, nema þeir uppfylli tilgreindar kröfur.</p>
<p>41. Hexaklóretan CAS-nr. 67-72-1 EB-nr. 200-666-4</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur þegar nota á efnið eða blönduna við framleiðslu eða vinnslu járnlausra málma.</p>
<p>42. Alkón, C₁₀-C₁₃, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffin) (SCCP) EB-nr. 287-476-5 CAS-nr. 85535-84-8</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða efnisþætti annarra efna eða í blöndur í styrk sem er meiri en 1% miðað við þyngd þegar efnið eða blandan er ætluð:</p> <ul style="list-style-type: none"> – í málmvinnslu, – til að fitubera leður.
<p>43. Asólitarefni og asólítir</p>	<p>1. Við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa geta eitt eða fleiri þeirra arómatísku amina, sem tilgreind eru í 8. viðbæti, losnað frá asólítum í greinanlegum styrk, þ.e. í styrk yfir 30 mg/kg (0,003% miðað við þyngd) í hlutum eða í lituðum hlutum þeirra samkvæmt prófunaraðferðunum sem tilgreindar eru í 10. viðbæti og er óheimilt að nota þá asólíti í textíl- og leðurvörur sem hætt er við að komist í beina og langvarandi snertingu við hörund manna eða munnhol, s.s.:</p> <ul style="list-style-type: none"> – klæði, rúmföt, handklæði, lausa hártoppa, hárkollur, hatta, bleyjur og aðrar hreinlætisvörur og svefnpoka, – skófatnað, hanska, ólar á armbandsúr, handtöskur, pyngjur og veski, skjalatöskur, áklæði á stóla og pyngjur sem eru bornar um hálsinn,

¹⁵ Stjtið. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

	<ul style="list-style-type: none"> – leikföng úr textíl eða leðri og leikföng sem eru að hluta úr textíl eða leðri, – garn og vefnað sem er ætlaður neytendum. <p>2. Ekki er heldur leyft að setja á markað textíl- og leðurvörur, sem um getur í 1. lið, ef þær fullnægja ekki þeim kröfum sem settar eru fram í þeim lið.</p> <p>3. Ekki er leyft að setja á markað þá asóliti sem eru í skránni yfir asóliti í 9. viðbæti eða nota þá, sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd, ef efnið eða blandan er ætluð til að lita textíl- og leðurvörur.</p>
<p>44. Pentabrómafleiða af difenýleter</p> <p>$C_{12}H_5Br_5O$</p>	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota,</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. <p>2. Ekki er leyft að setja á markað hluti ef þeir eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd.</p> <p>3. Ákvæði 2. liðar gilda þó ekki:</p> <ul style="list-style-type: none"> – um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 15. ágúst 2004, – um raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB¹⁶.
<p>45. Oktabrómafleiða af difenýleter</p> <p>$C_{12}H_2Br_8O$</p>	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem efni, – sem efnisþátt annarra efna, eða í blöndur, í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. <p>2. Ekki er leyft að setja á markað hluti ef þeir eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd.</p> <p>3. Ákvæði 2. liðar gilda þó ekki:</p> <ul style="list-style-type: none"> – um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 15. ágúst 2004, – um raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB.

¹⁶ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

<p>46.</p> <p>a) Nónýlfenól $C_6H_4(OH)C_9H_{19}$ CAS-nr. 25154-52-3 EB-nr. 246-672-0</p> <p>b) Nónýlfenóletoxýlöt $(C_2H_4O)_n C_{15}H_{24}O$</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í eftirfarandi tilgangi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) við þrif hjá iðnfyrirtækjum og stofnunum nema þegar um er að ræða: <ul style="list-style-type: none"> – stýrð, lokuð þurrhrensikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt, – hrensikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt í sérstöku ferli. 2) við þrif á heimilum, 3) við textíl- og leðurvinnslu, nema þegar um er að ræða: <ul style="list-style-type: none"> – vinnslu þegar hreinsiefnið er ekki losað út í skólpið, – kerfi, þar sem vinnsluvatnið fær sérstaka formeðhöndlun til að fjarlægja algjörlega lífræna hlutann áður en lífræn meðhöndlun skólps á sér stað (fituhreinsun gæruskinna), 4) í ýruefni í spenadyfur í landbúnaði, 5) við málmvinnslu, nema þegar um er að ræða: <p>notkun í stýrðu, lokuðu kerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt,</p> 6) við framleiðslu á pappírseigi og pappír, 7) í snyrtivörur, 8) í aðrar hreinlætisvörur, nema: <p>sæðiseyða,</p> 9) í hjálparefni í varnarefni og sæfiefni. Þessi takmörkun skal hins vegar ekki hafa áhrif á landsbundin leyfi fyrir varnarefnum eða sæfiefnum, sem innihalda nónýlfenóletoxýlöt sem hjálparefni, sem veitt voru fyrir 17. júlí 2003 fyrir en þau renna út.
<p>47. Króm(VI)sambönd</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sement eða blöndur sem innihalda sement ef í þeim er, í vötnuðu formi, meira en 2 mg/kg (0,0002%) af leysanlegu, sexgildu krómi miðað við heildarþurrvigt sementsins. 2. Ef afoxunarefni eru notuð skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi umbúðir sements eða blandna, sem innihalda sement, verið

	<p>merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum upplýsingum um pökkunardag, geymsluaðstæður og viðeigandi geymslutímabil til að viðhalda virkni afoxunarefnisins og til að halda magni leysanlegs, sexgilds króms undir tilgreindum mörkum í 1. lið, sbr. þó beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna.</p> <p>3. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda hins vegar ekki um setningu á markað fyrir algerlega sjálfvirk og lokuð vinnslukerfi þar sem sement og blöndur, sem innihalda sement, eru meðhöndluð eingöngu með vélum og enginn möguleiki er á því að efnið komist í snertingu við hörund, svo og um slíka notkun.</p>
<p>48. Tólúen CAS-nr. 108-88-3 EB-nr. 203-625-9</p>	<p>Hvorki er leyft að setja á markað né nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd þegar efnið eða blandan er notuð í lím eða sprautumálningu sem ætluð er til sölu til almennings.</p>
<p>49. Tríklórbensen CAS-nr. 120-82-1 EB-nr. 204-428-0</p>	<p>Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd né á neinn hátt til annarrar notkunar, nema:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sem milliefni í efnasmíði eða – sem leysi í lokuðum, efnafræðilegum klórunarferlum eða – í framleiðslu á 1,3,5-tríamínó-2,4,6-trínítróbenseni (TATB).
<p>50. Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH)</p> <p>a) Bensó[a]pýren (BaP) CAS-nr. 50-32-8</p> <p>b) Bensó[e]pýren (BeP) CAS-nr. 192-97-2</p> <p>c) Bensó[a]antrasen (BaA) CAS-nr. 56-55-3</p> <p>d) Krýsen (CHR) CAS-nr. 218-01-9</p> <p>e) Bensó[b]flúoranten (BbFA) CAS-nr. 205-99-2</p> <p>f) Bensó[j]flúoranten (BjFA) CAS-nr. 205-82-3</p> <p>g) Bensó[k]flúoranten (BkFA)</p>	<p>1. Frá og með 1. janúar 2010 er ekki leyft að setja mýkingarolíur (e. extender oils) á markað eða nota þær við framleiðslu hjólbarða eða hluta hjólbarða ef þær innihalda:</p> <ul style="list-style-type: none"> – meira en 1 mg/kg (0,0001% miðað við þyngd) af bensó(a)pýreni eða – meira en 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) samtals fyrir öll skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni. <p>Þessi viðmiðunarmörk teljast virt ef útdráttur fjölhringa, arómatískra efna (PCA) er minni en 3% miðað við þyngd, mælt með aðferðinni í IP346, staðli Jarðolíustofnunarinnar (Institute of Petroleum): 1998 (Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions — Dimethyl sulphoxide extraction refractive index method), að því tilskildu að framleiðendur eða innflytjendur gangi úr</p>

<p>CAS-nr. 207-08-9</p> <p>h) Dibens[a,h]antrasen (DBAhA)</p> <p>CAS-nr. 53-70-3</p>	<p>skugga um það á sex mánaða fresti eða í kjölfar hvernar meiri háttar breytingar á rekstri, eftir því hvort ber fyrir að, að virt séu viðmiðunargildi fyrir bensó(a)pýren og fyrir skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, svo og að samsvörun sé milli allra mældra gilda og PCA-útdráttarins.</p> <p>2. Ekki er heldur leyft að setja á markað hjólbarða eða sóla til hjólbarðasólunar, sem eru framleiddir eftir 1. janúar 2010, innihaldi þeir mýkingaroliur umfram þau mörk sem tilgreind eru í 1. lið.</p> <p>Þessi mörk teljast virt ef súlfuðu gúmmísamböndin fara ekki yfir mörkin 0,35% fyrir Bay-róteindir, mælt og reiknað með aðferð samkvæmt staðlinum ISO 21461 (Rubber vulcanised — Determination of aromaticity of oil in vulcanised rubber compounds).</p> <p>3. Ákvæði 2. liðar gilda ekki um sólaða hjólbarða ef sólinn á þeim inniheldur ekki mýkingaroliur yfir þeim mörkum sem um getur í 1. lið.</p> <p>4. Að því er varðar þessa færslu skal hugtakið „hjólarbarðar“ merkja hjólarbarðar fyrir farartæki sem falla undir:</p> <ul style="list-style-type: none"> – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra¹⁷, – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tækneiningum¹⁸ og – tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE¹⁹.
<p>51. Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EB-númer sem ná yfir efnin):</p> <p>a) Bis(2-etylhexýl)þalat (DEHP)</p> <p>CAS-nr. 117-81-7</p>	<p>1. Ekki leyfð til notkunar sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd í mýkta efninu í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna.</p>

¹⁷ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

¹⁸ Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

¹⁹ Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

<p>EB-nr. 204-211-0</p> <p>b) Dibútýlþalat (DBP)</p> <p>CAS-nr. 84-74-2</p> <p>EB-nr. 201-557-4</p> <p>c) Bensýlbútýlþalat (BBP)</p> <p>CAS-nr. 85-68-7</p> <p>EB-nr. 201-622-7</p>	<p>2. Hvorki leyft að setja á markað leikföng né hluti til umönnunar barna sem innihalda meira en 0,1% miðað við þyngd af mýkta efninu.</p> <p>3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þessa færslu, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum.</p> <p>4. Að því er varðar þessa færslu merkir „hlutir til umönnunar barna“ allar þær vörur, sem ætlaðar eru til að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun, eða hlutir sem börn geta soggð.</p>
<p>52. Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EB-númer sem ná yfir efnin):</p> <p>a) Díisónónýlþalat (DINP)</p> <p>CAS-nr. 28553-12-0 og 68515-48-0</p> <p>EB nr. 249-079-5 og 271-090-9</p> <p>b) Díisódekýlþalat (DIDP)</p> <p>CAS-nr. 26761-40-0 og 68515-49-1</p> <p>EB nr. 247-977-1 og 271-091-4</p> <p>c) Dí-n-oktýlþalat (DNOP)</p> <p>CAS-nr. 117-84-0</p> <p>EB-nr. 204-214-7</p>	<p>1. Ekki leyfð til notkunar sem efni eða í blöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna sem þau geta sett upp í sig.</p> <p>2. Hvorki má setja á markað leikföng né hluti til umönnunar barna sem innihalda meira en 0,1% miðað við þyngd af mýkta efninu.</p> <p>3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þessa færslu, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum.</p> <p>4. Að því er varðar þessa færslu merkir „hlutir til umönnunar barna“ allar þær vörur, sem ætlaðar eru til að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun, eða hlutir sem börn geta soggð.</p>
<p>53. Perflúoroktansúlfónöt (PFOS) $C_8F_{17}SO_2X$</p> <p>(X = OH, málmalt (O-M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður)</p>	<p>1. Ekki er leyft að setja á markað eða nota sem efni eða í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 50 mg/kg (0,005% miðað við þyngd).</p> <p>2. Hvorki leyft að setja á markað í hálfunnum vörum eða hlutum né í hlutum þeirra ef styrkur perflúoroktansúlfónata er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, reiknaður út frá massa byggingarfræðilega aðgreinanlegra eða örgreinanlegra hluta þeirra sem innihalda perflúoroktansúlföt eða, í textíl eða öðrum húðuðum efnum, ef magn</p>

	<p>perflúoroktansúlfónata er jafnt eða meira en 1 µg/m² af húðaða efninu.</p> <p>3. Þó skulu 1. og 2. liður hvorki gilda um eftirfarandi hluti né um efni og blöndur sem ætluð eru til framleiðslu þeirra:</p> <ol style="list-style-type: none"> ljósnámslög eða glampavarnarhúðun fyrir rásaprentun (e. photolithography), ljósmyndahúðun á filmum, pappír eða prentplötum, móðuvörn fyrir harða króm(VI)-húðun, sem ekki er til skrauts, og rakagjafa til notkunar í stýrðum rafhúðunarkerfum þar sem magni perflúoroktansúlfónata, sem losað er út í umhverfið, er haldið í lágmarki með notkun á bestu, fánlegu tækni sem þróuð er innan ramma tilskipunar 2008/1/EB²⁰, vökvakerfissvökva fyrir flug. <p>4. Þrátt fyrir 1. lið er heimilt að nota slökkvifroðu, sem var sett á markað fyrir 27. desember 2006, fram til 27. júní 2011.</p> <p>5. Takmarkanirnar í 2. lið skulu þó ekki gilda um hluti sem voru í notkun í Bandalaginu fyrir 27. júní 2008.</p> <p>6. Ákvæði 1. og 2. liðar skulu gilda með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004²¹.</p> <p>7. Um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um notkun og öruggari staðgönguefni eða -tækni við notkun skal framkvæmdastjórnin endurskoða allar undanþágurnar í a- til d-lið í 3. lið þannig að:</p> <ol style="list-style-type: none"> notkun á perflúoroktansúlfónötum verði hætt smám saman um leið og öruggari valkostir verða tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir, undanþága má einungis gilda áfram vegna óhjákvæmilegrar notkunar ef öruggari valkostir eru ekki til og skýrslur hafa verið lagðar fram um það sem gert hefur verið til að finna öruggari valkosti, dregið hefir verið úr losun á perflúoroktansúlfónötum út í umhverfið eins og unnt er með notkun á bestu, fánlegu tækni. <p>8. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með yfirstandandi áhættumati og framboði á</p>
--	---

²⁰ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

²¹ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

	<p>öruggari staðgönguefnum eða -tækni sem tengist notkun á perflúoroktansýru (PFOA) og skyldum efnum og koma með tillögur um allar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að draga úr þekktri áhættu, þ.m.t. takmarkanir á setningu á markað og notkun, einkum þegar öruggari staðgönguefni eða -tækni, sem er tæknilega og fjárhagslega hagkvæm, er fyrir hendi.</p>
<p>54. 2-(2-metoxýetoxý)etanól (DEGME) CAS-nr. 111-77-3 EB-nr. 203-906-6</p>	<p>Ekki leyft að setja á markað eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem efnisþátt í málningu, málningaruppleysum, hreinsiefnum, sjálfgljáandi ýrulausnum eða þéttiefnum fyrir gólf í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.</p>
<p>55. 2-(2-bútoxýetoxý)etanól (DEGBE) CAS-nr. 112-34-5 EB-nr. 203-961-6</p>	<p>1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem efnisþátt í sprautumálningu eða úðahreinsum í úðabrúsum í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 3% miðað við þyngd.</p> <p>2. Ekki er leyft að setja á markað sprautumálningu og úðahreinsi í úðabrúsum, sem innihalda 2-(2-bútoxýetoxý)etanól og samræmast ekki 1. lið, til sölu til almennings eftir 27. desember 2010.</p> <p>3. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafí málning, önnur en sprautumálning, sem inniheldur 2-(2-bútoxýetoxý)etanól í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 3% miðað við þyngd og er sett á markað til sölu til almennings, verið merkt með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri fyrir 27. desember 2010:</p> <p>„Notist ekki í málningarúðunarbúnað“.</p>
<p>56. Metýlendifenýldíísósýanat (MDI) CAS-nr. 26447-40-5 EB-nr. 247-714-0</p>	<p>1. Ekki leyft að setja á markað eftir 27. desember 2010 sem efnisþátt í blöndum í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd af metýlendifenýldíísósýanati til sölu til almennings nema birgjar sjái til þess, fyrir setningu á markað, að umbúðirnar:</p> <p>a) innihaldi hlífðarhanska sem uppfylla kröfurnar í tilskipun ráðsins 89/686/EBE²²,</p> <p>b) séu merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri, eins og fram</p>

²² Stjtið. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18.

	<p>kemur hér á eftir, með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna:</p> <ul style="list-style-type: none"> – „— Við notkun þessarar vöru geta komið fram ofnæmisviðbrögð hjá fólki sem þegar er næmt fyrir díisósýanötum. – — Fólk sem þjáist af asma, exemi eða húðvandamálum skal forðast snertingu við þessa vöru, þ.m.t. snerting við húð. – — Ekki skal nota þessa vöru þar sem loftræsting er slæm nema notuð sé hlífðargríma með viðeigandi gassíu (þ.e. gerð A1 samkvæmt staðlinum EN 14387).“ <p>2. Ákvæði a-liðar 1. liðar gildir þó ekki um bræðslulím.</p>
<p>57. Sýklóhexan CAS-nr. 110-82-7 EB-nr. 203-806-2</p>	<p>1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 til sölu til almennings sem innihaldsefni í snertilími úr neópreni í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í pökkum sem innihalda yfir 350 g.</p> <p>2. Ekki skal setja á markað snertilím úr neópreni, sem inniheldur sýklóhexan og samræmist ekki 1. lið, til sölu til almennings eftir 27. desember 2010.</p> <p>3. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu birgjar sjá til þess að áður en setning á markað fer fram hafi snertilím úr neópreni, sem inniheldur sýklóhexan í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, sem er sett á markað til sölu til almennings verið merkt með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri fyrir 27. desember 2010:</p> <ul style="list-style-type: none"> – „— Ekki skal nota þessa vöru þar sem loftræsting er slæm. – — Ekki skal nota þessa vöru við teppalagningu.“
<p>58. Ammóníumnítrat (AN) CAS-nr. 6484-52-2 EB-nr. 229-347-8</p>	<p>1. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 sem efni eða í blöndum sem innihalda, miðað við þyngd, meira en 28% af köfnunarefni úr ammóníumnítrati, til notkunar sem fastur áburður, eingildur eða fjölgildur, nema áburðurinn uppfylli tæknileg ákvæði um eingildan, köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð sem sett eru fram í</p>

	<p>III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003²³.</p> <p>2. Ekki leyft að setja á markað í fyrsta skipti eftir 27. júní 2010 sem efni eða í blöndum sem innihalda, miðað við þyngd, meira en 16% af köfnunarefni úr ammóníumnítrati nema til sölu til:</p> <p>a) eftirmotenda og dreifingaraðila, þ.m.t. einstaklingar eða lögaðilar sem hafa leyfi eða heimild í samræmi við tilskipun ráðsins 93/15/EBE²⁴,</p> <p>b) bænda til notkunar í landbúnaðarstarfsemi, annaðhvort í fullu starfi eða hlutastarfi, og ekki endilega í tengslum við stærð jarðarinnar.</p> <p>Í þessum undirlið er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:</p> <p>i. „bóndi“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila, óháð því hvaða réttarstaða er veitt hópnum og aðilum hans samkvæmt landslögum, sem hefur yfir að ráða bújörð á yfirráðasvæði Bandalagsins, eins og um getur í 299. gr. sáttmálans, og stundar landbúnaðarstarfsemi,</p> <p>ii. „landbúnaðarstarfsemi“: framleiðsla, eldi eða ræktun landbúnaðarafurða, þ.m.t. uppskera, mjaltir, dýrakynbætur og dýrahald vegna búskapar, eða viðhald lands í góðu landbúnaðar- og umhverfislegu ástandi eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1782/2003²⁵,</p> <p>c) einstaklinga eða lögaðila sem stunda atvinnustarfsemi, s.s. garðyrkju, plönturækt í gróðurhúsum, viðhald almenningsgarða, garða eða íþrótta-valla, skógrækt eða svipaða starfsemi.</p> <p>3. Að því er varðar takmarkanirnar í 2. lið geta aðildarríkin hins vegar, af félagslegum og hagrænum ástæðum, sett þá takmörkun, fram til 1. júlí 2014, að köfnunarefni úr ammóníumnítrati megi vera allt að 20% miðað við þyngd, í efnum og blöndum sem sett eru á markað innan yfirráðasvæðis þeirra. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.“</p>
--	--

²³ Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

²⁴ Stjtið. EB L 121, 15.5.1993, bls. 20.

²⁵ Stjtið. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1.

“

3. Í stað formálsorðanna í 1.–6. viðbæti komi eftirfarandi:

„FORMÁLSORÐ

Skýringar á fyrirsögnum dálkanna

Efni:

Heitið samsvarar alþjóðlegri, efnafræðilegri auðkenningu sem notuð er fyrir efnið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Efni skulu auðkennd, þar sem unnt er, með IUPAC-heiti þeirra. Efni sem eru skráð í Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (Einecs), Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (Elincs) eða skránni yfir efni sem flokkast ekki lengur sem fjölliður eru auðkennd með heiti þeirra í þessum skrá. Í sumum tilvikum eru einnig tilgreind önnur heiti þeirra, s.s. venjulegt eða almennt heiti. Plöntuvarnarefni og sæfiefni skulu auðkennd, þar sem unnt er, með ISO-heiti þeirra.

Færslur fyrir efnaflokka:

Í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er að finna nokkurn fjölda færslna fyrir efnaflokka. Í slíkum tilvikum eiga kröfur um flokkun við öll efni sem lýsingin tekur til.

Í sumum tilvikum eru gerðar kröfur um flokkun tiltekinna efna sem annars féllu undir efnaflokkinn. Í slíkum tilvikum er sérstök færsla fyrir efnið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og færslunni fyrir efnaflokkinn fylgir athugasemdin „nema efnanna sé getið annars staðar í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

Í sumum tilvikum getur tiltekið efni fallið undir fleiri en eina færslu fyrir efnaflokk. Í þessum tilvikum endurspeglar flokkun efnisins flokkun beggja efnaflokka. Í tilvikum, þar sem tilgreind er mismunandi flokkun fyrir sömu hættuna, skal nota ströngustu flokkunina.

Skrárnúmer:

Skrárnúmerið er auðkenniskóði efnisins í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Efnunum er raðað eftir þessu skrárnúmeri í viðbætinum.

EB-númer:

EB-númerið, þ.e. Einecs-, Elincs- eða NLP-númerið, er opinbert númer efnisins innan Evrópusambandsins. Einecs-númerið má finna í Evrópuskránni yfir íðefni á markaði (Einecs). Elincs-númerið má finna í Evrópuskránni yfir tilkynnt efni. NLP-númerið má finna í skránni yfir efni sem flokkast ekki lengur sem fjölliður. Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna birtir þessar skrár.

EB-númerið er sjö tölustafa runa af gerðinni XXX-XXX-X og hefst á 200-001-8 (Einecs), 400-010-9 (Elincs) og 500-001-0 (NLP). Þetta númer er tilgreint í dálkinum „EB-númer“.

CAS-númer:

Efnin hafa hlotið númer í CAS-kerfinu (Upplýsingaþjónusta um íðefni) til að auðvelda auðkenningu þeirra.

Athugasemdir:

Allan texta athugasemdanna er að finna í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Athugasemdirnar í þessari reglugerð hafa eftirfarandi merkingu:

Athugasemd A:

Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 verður heiti efnisins að koma fram á merkimiðanum og skal nota eitt þeirra heita sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

Í þeim hluta eru stundum notaðar almennar lýsingar á borð við „...sambönd“ eða „...sölt“. Í þeim tilvikum er birginum, sem setur slíkt efni á markað, skylt að skrá rétt efnaheiti á merkimiðann þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til liðar 1.1.1.4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Athugasemd C:

Sum lífræn efni má setja á markað annaðhvort sem tiltekna hverfu eða sem blöndu nokkurra hverfna.

Athugasemd D:

Tiltekin efni, sem hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots, eru yfirleitt sett á markað í stöðguðu formi. Þau eru skráð í slíku formi í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Slík efni eru þó stundum sett á markað á óstöðguðu formi. Þá verður birgirinn, sem setur slíkt efni á markað, að tiltaka heiti efnisins á merkimiðanum ásamt orðinu „óstöðgaður“.

Athugasemd J:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af bensení (EB-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd K:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EB-nr. 203-450-8), miðað við þyngd.

Athugasemd L:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 3% af dímetýlsúlfoxíðútdrætti, þegar mælt er samkvæmt aðferðinni IP 346.

Athugasemd M:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,005% af bensó[a]pýrení (EB-nr. 200-028-5), miðað við þyngd.

Athugasemd N:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef allt hreinsunarferlið er þekkt og unnt er að sýna fram á að efnið, sem það er unnið úr, sé ekki krabbameinsvaldur.

Athugasemd P:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af bensení (EB-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd R:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að frádreginni tvöfaldri staðalskekkju, er meira en 6 µm.“

4. Í 1., 2., 3., 5. og 6. viðbæti er tilvísunum í athugasemdir E, H og S eytt úr í færslunum í dálkinum með fyrirsögninni „athugasemdir“.
5. Í stað fyrirsagnarinnar í 1. viðbæti komi „28. færsla — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti:
- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi „28. færsla — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.
 - b) Í færslunum með skrárnúmer 024-017-00-8, 611-024-00-1, 611-029-00-9, 611-030-00-4 og 650-017-00-8 skal „VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“.
 - c) Færslum með eftirfarandi skrárnúmer er eytt: 649-062-00-6, 649-063-00-1, 649-064-00-7, 649-065-00-2, 649-066-00-8, 649-067-00-3, 649-068-00-9, 649-069-00-4, 649-070-00-X, 649-071-00-5, 649-072-00-0, 649-073-00-6, 649-074-00-1, 649-075-00-7, 649-076-00-2, 649-077-00-8, 649-078-00-3, 649-079-00-9, 649-080-00-4, 649-081-00-X, 649-082-00-5, 649-083-00-0, 649-084-00-6, 649-085-00-1, 649-086-00-7, 649-087-00-2, 649-089-00-3, 649-090-00-9, 649-091-00-4, 649-092-00-X, 649-093-00-5, 649-094-00-0, 649-095-00-6, 649-096-00-1, 649-097-00-7, 649-098-00-2, 649-099-00-8, 649-100-00-1, 649-101-00-7, 649-102-00-2, 649-103-00-8, 649-104-00-3, 649-105-00-9, 649-106-00-4, 649-107-00-X, 649-108-00-5, 649-109-00-0, 649-110-00-6, 649-111-00-1, 649-112-00-7, 649-113-00-2, 649-114-00-8, 649-115-00-3, 649-116-00-9, 649-117-00-4, 649-119-00-5, 649-120-00-0, 649-121-00-6, 649-122-00-1, 649-123-00-7, 649-124-00-2, 649-125-00-8, 649-126-00-3, 649-127-00-9, 649-128-00-4, 649-129-00-X, 649-130-00-5, 649-131-00-0, 649-132-00-6, 649-133-00-1, 649-134-00-7, 649-135-00-2, 649-136-00-8, 649-137-00-3, 649-138-00-9, 649-139-00-4, 649-140-00-X, 649-141-00-5, 649-142-00-0, 649-143-00-6, 649-144-00-1, 649-145-00-7, 649-146-00-2, 649-147-00-8, 649-148-00-3, 649-149-00-9, 649-150-00-4, 649-151-0-X, 649-152-00-5, 649-153-00-0, 649-154-00-6, 649-155-00-1, 649-156-00-7, 649-157-00-2, 649-158-00-8, 649-159-00-3, 649-160-00-9, 649-161-00-4, 649-162-00-X, 649-163-00-5, 649-164-00-0, 649-165-00-6, 649-166-00-1, 649-167-00-7, 649-168-00-2, 649-169-00-8, 649-170-00-3, 649-171-00-9, 649-172-00-4, 649-173-00-X, 649-174-00-5, 649-177-00-1, 649-178-00-7, 649-179-00-2, 649-180-00-8, 649-181-00-3, 649-182-00-9, 649-183-00-4, 649-184-00-X, 649-185-00-5, 649-186-00-0, 649-187-00-6, 649-188-00-1, 649-189-00-7, 649-190-00-2, 649-191-00-8, 649-193-00-9, 649-194-00-4, 649-195-00-X, 649-196-00-5, 649-197-00-0, 649-198-00-6, 649-199-00-1, 649-200-00-5, 649-201-00-0, 649-202-00-6, 649-203-00-1, 649-204-00-7, 649-205-00-2, 649-206-00-8, 649-207-00-3, 649-208-00-9, 649-209-00-4 og 649-210-00-X.
7. Í stað fyrirsagnarinnar í 3. viðbæti komi „29. færsla — Stökkbreytivaldar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.
8. Í stað fyrirsagnarinnar í 4. viðbæti komi „29. færsla — Stökkbreytivaldar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.
9. Í stað fyrirsagnarinnar í 5. viðbæti komi „30. færsla — Efni sem hafa eiturrhif á æxlun: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/ 1. undirflokkur (tafla 3.2)“.
10. Í stað fyrirsagnarinnar í 6. viðbæti komi „30. færsla — Efni sem hafa eiturrhif á æxlun: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.
11. Í stað fyrirsagnarinnar í 8. viðbæti komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir arómatísk amín“.
12. Í stað fyrirsagnarinnar í 9. viðbæti komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir asóliti“.
13. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. viðbæti:
- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi „43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir prófunaraðferðir“.
 - b) Í neðanmálgreininni kemur eftirfarandi í stað heimilisfanga Staðlasamtaka Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtaka Evrópu (Cenelec):

CEN Avenue Marnix 17, 1000 Brussels, Belgium, sími +32 2550 08 11, símbréfanr. +32 2550 08 19 (<http://www.cen.eu/cenorm/homepage.htm>)

Cenelec: Avenue Marnix 17, B-1000 Brussels, sími +32 25196871, símbréfanr +32 2519 69 19 (<http://www.cenelec.eu/Cenelec/Homepage.htm>)

“

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 276/2010**

frá 31. mars 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ⁽²⁾ var mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar tiltekin hættuleg efni og efnablöndur. Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 felldi tilskipun 76/769/EBE úr gildi og kom í hennar stað frá og með 1. júní 2009. Ákvæði XVII. viðauka við þá reglugerð koma í stað ákvæða I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 455/2009/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmarkanir á setningu díklórmetans á markað og notkun þess ⁽³⁾ var samþykkt 6. maí 2009.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/424/EB um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmarkanir á setningu lampaolía og

grillvökva á markað og notkun þeirra, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽⁴⁾ var samþykkt 28. maí 2009.

- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/425/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE, að því er varðar takmarkanir á setningu lífrænna tinsambanda á markað og notkun þeirra, í því skyni að laga I. viðauka við hana að tækniframförum ⁽⁵⁾ var samþykkt 28. maí 2009.
- 5) Samkvæmt ákvæðum 137. gr. efnareglunnanna (REACH) um bráðabirgðaráðstafanir er rétt að breyta XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að taka upp í hann takmarkanir sem kveðið er á um í ákvörðunum 455/2009/EB, 2009/424/EB og 2009/425/EB.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 7) Brýnt er að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst til að þessar takmarkanir komi inn í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eins fljótt og auðið er.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 137, 3.6.2009, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 138, 4.6.2009, bls. 8.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 138, 4.6.2009, bls. 11.

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er töflunni með heitum efna, efnaflokkum og blandna og takmörkunum breytt á eftirfarandi hátt:

1. Eftirfarandi komi í stað 3. færslu:

<p>„3. Fljótandi efni eða blöndur sem eru taldar hættulegar samkvæmt skilgreiningum í tilskipun 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.</p>	<p>1. Ekki leyfð til notkunar í:</p> <ul style="list-style-type: none"> — skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða öskubakka, — hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrogð, — spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. <p>2. Ekki skal setja hluti, sem samræmast ekki 1. lið, á markað.</p> <p>3. Ekki leyft að setja þau á markað ef þau innihalda litunarefni, nema nauðsyn krefji vegna skattalegra ástæðna, eða ilmefni eða bæði ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> — nota má þau sem eldsneyti á olíulampa til skrauts sem seldir eru almenningi og — þau fela í sér ásvelgingarhættu og eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304, <p>4. Olíulampar til skrauts, sem ætlaðir eru til sölu til almennings, skulu ekki settir á markað nema þeir séu í samræmi við Evrópustaðal um olíulampa til skrauts (EN 14059) sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt.</p> <p>5. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og blandna skulu birgjar sjá til þess, áður en setning á markað fer fram, að eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) lampaolíur, sem eru merktar með hættusetningunni H65 eða H304 og ætlaðar til sölu til almennings, skulu merktar með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Geymið lampa, sem innihalda þennan vökva, þar sem börn ná ekki til“ og, eigi síðar en 1. desember 2010: „Smásopi af lampaolíu eða jafnvel það eitt að sjúga lampakveik getur valdið lífshættulegum lungnaskaða“, b) grillvökvar, sem eru merktir með hættusetningunni H65 eða H304 og ætlaðir til sölu til almennings, skulu merktir, eigi síðar en 1. desember 2010, með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri: „Smásopi af grillvökva getur valdið lífshættulegum lungnaskaða“, c) lampaolíum og grillvökvum, sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og ætluð til sölu til almennings, skal eigi síðar en 1. desember 2010 pakkað í svört, ógagnsæ ílát sem rúma að hámarki 1 lítra. <p>6. Eigi síðar en 1. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við Efnastofnun Evrópu að hún taki saman málsskjöl í samræmi við 69. gr. þessarar reglugerðar með það í huga að banna, ef við á, grillvökva og eldsneyti fyrir skrautlampa sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304 og ætluð til sölu til almennings.</p> <p>7. Einstaklingar eða lögaðilar, sem setja í fyrsta skipti á markað lampaolíur og grillvökva sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304, skulu, eigi síðar en 1. desember 2011 og árlega eftir það, veita lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingar um valkosti sem geta komið í stað lampaolía og grillvökva sem eru merkt með hættusetningunni H65 eða H304. Aðildarríkin skulu gera þessar upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjómni.“</p>
---	---

2. Í 20. færslu er eftirfarandi 4., 5. og 6. lið bætt við annan dálk:

	<p>„4. Þrisetin lífræn tinsambönd:</p> <p>a) Þrisetin lífræn tinsambönd, s.s. tríbútýltinsambönd (TBT) og trifenyltinsambönd (TPT), skulu ekki notuð eftir 1. júlí 2010 í hlutum ef styrkur þeirra í hlutum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tinni miðað við þyngd.</p> <p>b) Hlutir, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki settir á markað eftir 1. júlí 2010, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þann dag.</p> <p>5. Díbútýltinsambönd (DBT):</p> <p>a) Díbútýltinsambönd skulu ekki notuð eftir 1. janúar 2012 í blöndur og hluti til sölu til almennings ef styrkur þeirra í blöndunni eða hlutum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tinni miðað við þyngd.</p> <p>b) Hlutir og blöndur, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki sett á markað eftir 1. janúar 2012, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þá dagsetningu.</p> <p>c) Ákvæði a- og b-liðar gilda þó ekki um eftirfarandi hluti og blöndur til sölu til almennings fyrir en 1. janúar 2015:</p> <ul style="list-style-type: none"> — einþátta og tvíþátta kitti og lím sem gúmsorkna við stofuhita (RTV1- og RTV2-kitti), — málningu og önnur húðunarefni sem innihalda díbútýltinsambönd sem hvata, ef þau eru borin á hluti, — mjúka prófíla úr pólývínýlklóríði (PVC), hvort sem er eina og sér eða útsprautuð á sama saman með (e. coextruded) hörðu pólývínýlklóríði, — vefnað sem er húðaður með pólývínýlklóríði sem inniheldur díbútýltinsambönd sem stöðgara, ef hann er ætlaður til notkunar utandyra, — rör utanhúss fyrir regnvatn; þakrennur og tengi ásamt klæðningu fyrir þök og útveggi, <p>d) Ákvæði a- og b-liðar gilda ekki um efni og hluti sem reglur voru settar um með reglugerð (EB) nr. 1935/2004.</p> <p>6. Dioktýltinsambönd (DOT):</p> <p>a) Dioktýltinsambönd skulu ekki notuð eftir 1. janúar 2012 í eftirfarandi hluti til sölu til almennings eða notkunar meðal almennings ef styrkur þeirra í hlutum eða hluta hans er meiri en jafngildi 0,1% af tinni miðað við þyngd:</p> <ul style="list-style-type: none"> — textílvörur sem ætlað er að komast í snertingu við húðina, — hanska, — skófatnað eða hluta skófatnaðar sem ætlað er að komast í snertingu við húðina, — vegg- og gólfefni, — hluti til umönnunar barna, — hreinlætisvörur fyrir konur,
--	--

- bleyjur,
 - tvíþátta mótunarbúnað með gúmstorknun (e. vulcanisation) við stofuhita (RTV2-mótunarbúnaður)
- b) Hlutir, sem ekki samræmast a-lið, skulu ekki settir á markað eftir 1. janúar 2012, að undanteknum hlutum sem voru þegar í notkun í Bandalaginu fyrir þann dag.“

3. Eftirfarandi 59. færsla bætist við:

<p>„59. Diklórmétan</p> <p>CAS-nr. 75-09-2</p> <p>EB-nr.: 200-838-9</p>	<p>1. Málningaruppleysar, sem innihalda diklórmétan í styrk sem er 0,1% eða meira miðað við þyngd, skulu ekki:</p> <p>a) settir á markað í fyrsta skipti til sölu til almennings eða fagaðila eftir 6. desember 2010,</p> <p>b) settir á markað til sölu til almennings eða fagaðila eftir 6. desember 2011,</p> <p>c) notaðir af fagaðilum eftir 6. júní 2012.</p> <p>Í þessari færslu er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:</p> <p>i. „fagaðili“: einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. starfsmenn og sjálfstætt starfandi starfsmenn, sem tekur að sér að fjarlægja málningu sem hluta af atvinnustarfsemi sinni utan iðnaðarstarfsstöðva,</p> <p>ii. „iðnaðarstarfsstöð“: starfsstöð þar sem málning er fjarlægð.</p> <p>2. Þrátt fyrir 1. lið geta aðildarríkin heimilað á yfirráðasvæðum sínum og til tiltekinnar starfsemi að sérstaklega þjálfaðir fagaðilar noti málningaruppleysa sem innihalda diklórmétan og að slíkir málningaruppleysar séu settir á markað til sölu til þessara fagaðila. Aðildarríki, sem nýta sér þessa undanþágu, skulu skilgreina viðeigandi ákvæði til að vernda heilsu og öryggi fagaðila sem nota málningaruppleysa sem innihalda diklórmétan og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um það.</p> <p>Í þeim ákvæðum skal vera krafa um að fagaðili hafi vottorð, sem er viðurkennt af aðildarríkinu þar sem hann starfar, eða leggi fram önnur skrifleg sönnunargögn þar að lútandi eða hafi hlotið annars konar samþykki þess aðildarríkis til að sýna fram á að hann búi yfir réttri þjálfun og hæfni til að nota málningaruppleysa, sem innihalda diklórmétan, á öruggan hátt.</p> <p>Framkvæmdastjórnin skal útbúa skrá yfir aðildarríkin, sem hafa nýtt sé undanþáguna í þessum lið, og gera hana aðgengilega öllum á Netinu.</p> <p>3. Fagaðili, sem nýtur góðs af undanþágunni sem um getur í 2. lið, skal einungis starfa í aðildarríkjum sem hafa nýtt sér undanþáguna. Þjálfunin, sem um getur í 2. lið, skal að lágmarki ná yfir:</p> <p>a) vitneskju um heilbrigðisáættur og mat og stjórn á þeim, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni eða ferli sem við notkunarskilyrðin eru hættuminni fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna,</p> <p>b) notkun á nægjanlegri loftræstingu,</p> <p>c) notkun á viðeigandi persónuhlífum sem samræmast tilskipun 89/686/EBE.</p>
---	--

Akjósanlegt er að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi starfsmenn skipti út díklórmetani fyrir efni eða ferli sem við notkunarskilyrðin eru hættalaus eða hættuminni fyrir heilsu og öryggi starfsmanna.

Fagaðilar skulu beita öllum viðeigandi öryggisráðstöfunum, þ.m.t. notkun á persónuhlífum.

4. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins um verndun starfsmanna má í iðnaðarstarfsstöðvum einungis nota málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan í styrk sem er 0,1% eða meiri, miðað við þyngd, ef eftirfarandi lágmarksskilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) skilvirk loftræsting skal vera á öllum vinnslusvæðum, sérstaklega þar sem fram fer blautvinnsla og þurrkun hluta sem málingin hefur verið leyst af; staðbundið útsog skal vera við málningaruppleysikör og að auki knúin loftræsting á þeim vinnslusvæðum, til að lágmarka váhrif og tryggja að viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi séu virt þar sem það er tæknilega mögulegt.
- b) ráðstafanir skulu gerðar til að lágmarka uppgufun úr málningaruppleysikörum: lok skulu höfð á þeim nema þegar verið er að setja í þau eða taka úr þeim og viðeigandi fyrirkomulag á ísetningu eða úrtöku skal vera fyrir hendi ásamt þvottakörum með vatni eða saltvatni til að fjarlægja umframmagn af leysiefni eftir úrtöku.
- c) ráðstafanir skulu gerðar til öruggar meðhöndlunar díklórmetans í málningaruppleysikörum: dælur og pípur til að flytja málningaruppleysi í og úr málningaruppleysikörum og viðeigandi fyrirkomulag skal vera fyrir hendi til öruggar hreinsunar á körum og fjarlægingar á eðju.
- d) persónuhlífar skulu vera fyrir hendi sem samræmast tilskipun 89/686/EBE, þ.m.t.: viðeigandi hlífðarhanskar, öryggisgleraugu og hlífðarfatnaður; einnig viðeigandi öndunargrimur þegar ekki er með öðru móti hægt að virða viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.
- e) fullnægjandi upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun fyrir notendur slíks búnaðar skulu vera fyrir hendi.

5. Með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna skulu málningaruppleysar, sem innihalda díklórmetan í styrk sem er 0,1% eða meiri, miðað við þyngd, vera merktir með sýnilegu, læsilegu og óafmáanlegu letri eigi síðar en 6. desember 2011:

„Notist eingöngu í iðnaði og af fagaðilum sem hlotið hafa samþykki í tilteknum aðildarríkjum ESB — sannreynið hvar notkun er leyfð.““